

Starfshópur sem skipaður var af bæjarstjórn vegna ráðningar sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu þann 3. febrúar 2016 telur að Fanney Dóróthe Halldórsdóttir hafi best uppfyllt á hlutlægum grundvelli þá mikilvægustu þætti í kröfum sem gerðar voru til umsækjenda. Að mati starfshópsins leiðir háskólamenntun, reynsla, árangur og samstarfshæfni Fanneyjar til þess að hún er talin vera hæfust umsækjenda í starfið. Önnur gögn s.s. persónuleikapróf og umsagnir styrktu það mat enn frekar.

Með hliðsjón af framangreindu er það tillaga starfshópsins að Fanneyju D. Halldórsdóttur verði boðið starf sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu.